



www.fib.is

Félag íslenskra bifreiðaeigenda

ICELANDIC AUTOMOBILE ASSOCIATION

Alþingi

Erindi nr. P 132/295

komudagur 30.11.2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. nóvember 2005

Umsögn Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) um frumvarp til laga um bensíngjald og olfugjald, 30. mál, tímabundin lækkun gjalds.

Í frumvarpinu er lagt til að bensín- og olfulfrinn lækki tímabundið um tæplega 5 kr. Lögð er til 4 kr. lækkun á almennu vörugjaldi af bensíni þannig að það lækki úr 9,28 kr. í 5,28 kr. Auk þess er lögð til sama lækkun á olfugjaldinu þannig að það lækki úr 41 kr. í 37 kr., en olfugjaldið var lækkað tímabundið 1. júlí 2005 til 31. desember 2005 úr 45 kr. í 41 kr. Í greinargerð segir einnig að tilgangur breytinganna sé að vega upp á móti þeirri miklu verðhækkun sem orðið hefur á eldsneyti á heimsmarkaði.

Heimsmarkaðsverð á eldsneyti hefur verið óvenju hátt á þessu ári. Verð á bifreiðaeldsneyti á Íslandi er hið hæsta í Evrópu. Meginástæða þess er sú að hér á landi leggur ríkið þungar álögur á eldsneyti. Um 60% af útsöluverði bensíns og dísilöflu eru skattar í ríkissjóð. Hátt heimsmarkaðsverð hefur skilað ríkissjóði stórauðnum virðisaukaskattstekjum af eldsneytiskaupum bifreiðaeigenda.

Á þessu ári stefnir í að tekjur ríkissjóðs af bílum og umferð fari yfir 40.000 m.kr. sem er Íslandsmet í bílasköttum yfir eitt ár. Þrátt fyrir verðlækkun á bílaeldsneyti síðustu vikunnar samanborið við ofurverðin í haust, þá er eldsneytisverð um þessar mundir mjög íþyngjandi og óvenju hátt til íslenskra bifreiðaeigenda. Gengi íslensku krónunnar hefur haldið verðinu niðri hér á markaði en nú síðast í morgun var tilkynnt um hækkun á eldsneyti á grundvelli versnandi stöðu krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

FÍB gaf nú í haust bifreiðaeigendum kost á því að rita nöfn sín á áskorun til stjórnvalda um að lækka álögur á bifreiðaeldsneyti. Um 15 þúsund skrifuðu undir. FÍB fagnar nýju frumvarpi til laga um lækkun skatta á eldsneyti og heitir á hið háa Alþingi að lækka álögur ríkisins á eldsneyti með lögum.

Virðingarfyllst,

Félag íslenskra bifreiðaeigenda



MEMBER OF ALLIANCE
INTERNATIONALE
DE TOURISME

HEIMILIS- & PÓSTFANG:
ADDRESS AND POSTAL ADDRESS:
Borgartún 33 · IS-105 Reykjavík

SÍMI:
TELEPHONE:
+354 562 9999

MYNSENDIR:
TELEFAX:
+354 552 9071

NETFANG:
E-MAIL:
fib@fib.is

KENNITALA:
REG.NUMBER:
530169-7749

